

## GJALDSKRÁ

### fyrir handsömun hesta sem ganga lausir í landi Reykjavíkurborgar.

#### 1. gr.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar skal innheimta gjald vegna handsömunar hesta sem ganga lausir í borgarlandinu. Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd verkefnisins með vísan í 6. gr. samþykktar um takmörkun búfjárhalds og bann við lausagöngu búfjár í Reykjavík, sbr. 28. gr. lögreglusamþykktar yfir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008.

#### 2. gr.

Við handsömunum hests, eða hesta, í borgarlandinu skal innheimta gjald að lágmarki kr. 16.400 fyrir hvert útkall. Ef kostnaður reynist hærri, t.d. vegna fjölda hesta eða annarrar aukinnar vinnu við handsömun, er Reykjavíkurborg heimilt að hækka gjaldið til samræmis við útlagðan kostnað við handsömun.

#### 3. gr.

Gjaldið er innheimt af umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12–14. Greiða skal gjaldið áður en hestur/hestar eru sóttir til vörsluaðila og framvísa skal kvittun hjá vörsluaðila áður en hestur/hestar eru afhentir eiganda.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, með heimild í 24. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra, staðfestist hér með og öðlast gildi við birtingu.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 15. desember 2016.*

**Dagur B. Eggertsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2016